

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísa- fjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.

131

13. júlí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 2. þ. m., og ósk hreppsnefndarinnar í Snæfjallahreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Snæfjöllum að Unaðsdal, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna. Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.


Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 49. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, um bann brezka sjóliðsins gegn veiðum og skipalegum á nokkrum um kafla Eyjafjarðar.

132

12. ágúst

Brezka sjóliðið telur nauðsynlegt að gera þá breytingu á áður auglýstu svæði á Eyjafirði, þar sem hannaðar eru veiðar og akkerislegur skipa (sbr. tilkynningu ríkisstjórnarinnar í 44. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1942 og 13. tölublaði 1943), að norðurtakmörk svæðisins verði framvegis lína, sem hugsast dregin frá Haganesi vestan fjarðarins í kirkjuna á Höfða.

Suðurtakmörkin verða eins og áður, lína, sem hugsast dregin frá Hjalteyrarvíta í bæinn Noll austan fjarðarins.



33